

Reglur um hvatapeninga árið 2024

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs Garðabæjar fá öll börn á aldrinum 5-18 ára (fædd 2006-2019) kr. 55.000 í hvatapeninga á árinu 2024. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega. Hægt er að sækja um „viðbótar hvatapeninga“ krónur 15.000,- í þjónustugátt Garðabæjar ef heildartekjur heimilis eru að meðaltali undir 800.000,- kr. á mánuði hjá einstaklingi, eða 980.000,- kr. hjá sambýlisfólki (m.v. launavísitölu 1. janúar 2024). Miðað er við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði þegar umsókn er send inn.

Hvatapeninga ársins 2024 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2023 og 2024. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2024 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára. Hvatapeninga líðandi árs er ekki hægt að nýta til að greiða reikninga námskeiðs sem byrjar á næsta ári á eftir.

Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk frá félögum þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til félags.

Ef félög eru ekki tengd við skráningarkerfin Sportabler (Abler) eða XPS þarf að koma reikningi til þjónustuværs Garðabæjar með upplýsingum um upphæð hvatapeninga sem á að nýta sem og upplýsingum um hvert á að endurgreiða. Ekki er hægt að koma með reikninga til endurgreiðslu hvatapeninga vegna félaga sem tengd eru Sportabler eða XPS.

Nýta þarf hvatapeninga ársins 2024 fyrir áramót. Kvittunum á að skila fyrir lokun þjónustuværs Garðabæjar þann 17. desember.

Reglur um notkun hvatapeninga:

- Skilyrði** þess að hægt sé að nýta hvatapeningana er að um **skipulagt starf** sé að ræða sem er stundað **undir leiðsögn** þjálfara eða leiðbeinanda og nær **yfir eina önn** eða **að lágmarki 10 vikur**. Undantekning eru 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða er 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, sumarnámskeið, dans í dansskólum og skátastarf.
- Hvatapeningana er ekki hægt að nýta til að kaupa árskort í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglínganámskeið og dansnámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 16, 17 og 18 ára (fædd 2006, 2007 og 2008), þau geta nýtt hvatapeningana til að kaupa kort í líkamsræktarstöðvum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar

19. desember 2023

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.